

fæddum þar í borg 8. júní 1943, fyrir að hafa föstudaginn 15. apríl 1983 haft samræði utan hjónabands við stúlkuna X, fædda ... 1963, sem ekki gat spornað við samræðinu vegna greindarskorts og vanþroska, í húsnæði bifreiðaverkstæðisins „Vélarinnar“ við Kænuvog í Reykjavík.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

#### D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Gísla Guðnasonar, er frestað, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Höskuldssonar hdl., kr. 12.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. október 1985.

Nr. 93/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Ernu Sigurjónsdóttur**

(Jón Oddsson hrl.)

Líkamsárás.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærðu áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1985. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. júlí sl.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu ber að dæma til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Erna Sigurjónsdóttir, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. janúar 1985.

Ár 1985, mánudaginn 18. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háður er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 37/1985: Ákærvaldið gegn Ernu Sigurjónsdóttur, sem tekið var til dóms 17. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. ágúst 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Ernu Sigurjónsdóttur, bankastarfsmanni, Sörlaskjólí 82, Reykjavík, fæddri þar í borg 11. september 1953, fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt 23. október 1983 í veitingahúsinu Þórscafé, Brautarholti 20, Reykjavík, veitt Guðrínu Guðmundsdóttur, fæddri 21. desember 1962, þungt högg í andlitið með glasi, með þeim afleiðingum að hún hlaut alvarlega áverka á vinstra auga, sem varð svo til blint. Sár kom á bæði augnlok augans og stórt gat á augað, sjónhimna losnaði og augað fylltist af blóði og var lækniáðgerða þörf bæði hér á landi og erlendis.

Telst þetta varða við 2 mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún ekki sætt refsingum, svo kunnugt sé.

#### *Málavextir eru þessir:*

Aðfaranótt sunnudagsins 23. október 1983, laust eftir klukkan 01:00, voru lögreglumenn sendir að veitingahúsinu Þórskaffi í Reykjavík vegna slagsmála, og var þeim jafnframt tilkynnt, að sjúkrafreið væri á leiðinni, en stúlka væri á staðnum með áverka á vinstra auga.

Strax þegar lögreglumennirnir komu inn í húsið, sáu þeir, hvar óeinkennisklæddur lögreglumaður var með mann í tókum, og var sá mjög æstur og lét öllum illum látum, svo að þeir færðu hann í handjárn. Maður þessi reyndist síðan vera eiginmaður slösuðu stúlkunnar, Ólafur Þór Jónsson.

Þá komu dyraverðir með Jón Berg Halldórsson í tókum til lögreglumanna, og var Jón mjög æstur, reyndi að sparka í lögreglumennina og bita þá. Var hann einnig handjárnaður og færður út í lögreglubifreið ásamt Ólafi Þór, en hann er sonur nefnds Jóns Berg. Síðan segir áfram í lögregluskýrslunni:

„Er við vorum búnir að færa þá Jón og Ólaf inn í lögreglubifreiðina kom til okkar veitingastjóri hússins Kristinn Guðmundsson og aðspurður kvað hann unga stúlku vera slasaða í andliti eftir að hafa verið slegin með glasi. Stúlkann var stödd í herbergi hjá birgðaverði hússins og héldu dyraverðir handklæði yfir andliti hennar. Stúlkann heitir Guðrún Guðmundsdóttir og var hún flutt með sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans til rannsóknar.

Að beiðni okkar fóru dyraverðir hússins inn í sali hússins og höfðu samband við Guðmund K. Arnmundsson og eiginkonu hans Ernu Sigurjónsdóttur þar sem þau voru viðriðin slagsmálin inni í húsinu. Að boði okkar komu þau Guðmundur og Erna á lögreglustöðina við Hverfisgötu til viðræðna um málið.

Dyraverðir hússins tjáðu okkur að það virtist sem þeim Guðmundi og Jóni hafi lent saman inni í húsinu og síðan hafi þau Ólafur, Erna, og Guðrún blandast inn í átökin, en þeir kváðust ekki vita almennilega um málsatvik þar sem þeir Jón og Ólafur voru mjög æstir.“

— — —  
Samkvæmt lögregluskýrslunni er nafn slösuðu stúlkunnar Guðrún Guðmundsdóttir, Dúfnahólum 2, fædd 21. desember 1962. Í skýrslunni segir:

„Að sögn læknis deildarinnar var Guðrún mikið sködduð í vinstra auga og að það væri verið að fara með hana til frekari rannsóknar á Landakotspítala.

Ég gat rætt litillega við Guðrúnu á slysadeildinni og aðspurð kvað hún einhverja stúlku hafa ráðist á sig er hún var að reyna að róa eiginmann sinn og tengdaföður þar sem þeir voru í átökum inni í Þórskaffi. Kvað Guðrún stúlkuna hafa skvett áfengi úr glasi framan í sig og síðan hafi hún slegið sig í andlitið með glasi. Kvaðst Guðrún muna mjög óljóst eftir atburðinum þar sem hann hafi skeð svo fljótt.

Ekki var hægt að ræða nánar við Guðrúnu þar sem hún var flutt á Landakotspítala.

Guðrún var sjáanlega undir áhrifum áfengis og var læknir deildarinnar sammála því.“

Eiginkona Guðmundar Konráðs, Erna Sigurjónsdóttir, ákærða í máli þessu, var að sögn lögreglu ekki undir áhrifum áfengis og mjög róleg. Voru þau hjónin boðuð á lögreglustöðina við Hverfisgötu og komu þangað á eigin bifreið.

Þar á lögreglustöðinni, klukkan 02:00 um nóttina, var tekin framburðarskýrsla af ákærðu. Í skýrslunni segir:

„Ég var fyrr um kvöldið í vínveitingahúsinu Þórskaffi ásamt Guðmundi K. Armundssyni, eiginmanni mínum. Ég hafði ekki neytt áfengis en Guðmundur var undir áhrifum áfengis. Um kl. 01:00 vorum við á gangi á fyrstu hæð hússins, er Guðmundur og annar maður rákust á, svo að helltist úr glasi þess manns. Brást hann strax illa við og þreif í jakkakraga Guðmundar og ýtti honum um. Bað Guðmundur manninn afsökunar og bauðst til að greiða fyrir hann nýtt glas, en maðurinn svaraði því ekki og hélt áfram ryskingum, sem enduðu með því, að Guðmundur snéri manninn í gólfíð og hélt honum þar. Síðan kom kona að og skömmu síðar tveir menn og réðust mennirnir þegar að Guðmundi með barsmíðum ásamt konunni. Ég tók í handlegg konunnar og bað hana að hætta en réðst hún þá að mér og var mikið æst. Hún sló mig m.a. í andlitið nokkrum sinnum og skvetti ég þá úr glasi mínu framan í hana til að stöðva barsmíðarnar. Komu þá að dyraverðir og stöðvudu áflogin. Síðan réðst konan að mér aftur, reif í hár mitt og sló mig í andlitið og sló ég hana til baka. Síðan hættu áflogin og konan var þá blóðug. Ég hef að líkindum skorið konuna í andlitið með glasi, er ég hafði í hendi eða með hring, er ég hef á fingri, en það var ekki viljaverk. Lögreglan kom á staðinn og bauð mér að fara á aðalstöð lögreglunnar og gefa þessa skýrslu.“

Ákærða gaf því næst skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 7. nóvember 1983. Þar lýsir hún því hvernig slagsmál eiginmanns hennar hófust og afskipti hennar og Guðrúnar Guðmundsdóttur af þeim, sem leiddu til slagsmála þeirra með þeim afleiðingum, að Guðrún slasaðist á auga. Í skýrslu ákærðu segir m.a.:

Ákærða kveðst ekki geta gert sér fulla grein fyrir hvað hafi í raun gerst, en minnst þess, að hún var með glas í hægri hendi, en reyndi með þeirri vinstri að ná í hár konunnar. Skyndilega hafi konan rekið upp óp og byrjað að blæða einhversstaðar úr henni. Kvaðst ákærða hafa fengið blóð á hægri hendi sína og jafnframt hafi blóð komið á skó hennar, er lekið hafi frá konunni. Konan hafi hætt slagsmálunum og hörfað frá. Kveðst ákærða þá hafa séð, að úr andliti konunnar blæddi talsvert. Konan hafi tekið á ráis í burtu. Kveðst þá hafa ætlað að ná tali af henni, en ekki komist í

gegnum anddyrið, þar sem slagsmál voru í gangi. Kveðst ekki geta áttað sig á því, hvort hún sló til konunnar eða hvort konan hafi rekist í glasið, er ákærða reyndi að ná taki í hári hennar. Kveðst ekki hafa ætlað að veita konunni áverka og kveður hér um algjört óviljaverk að ræða, kveðst fullviss um, að áverkar þeir, er kona þessi hlaut, hafi komi við áflog þeirra.

Við yfirllestur skýrslunnar vildi ákærða leiðrétta framburð sinn á þann veg, að hún hafi reynt að slá til konunnar með vinstri hendi samhliða því, að hún reyndi að ná í hári hennar, en minntist þess ekki, að hún hafi slegið til konunnar með hægri hendinni, er hún hélt glasinu með.

Ákærða gaf á ný skýrslu hjá RLR þann 3. apríl 1984. Þar kvaðst ákærða engu nær um það, hvernig nákvæmlega Guðrún hlaut áverkann. Hins vegar hafi glasið verið farið úr hendi ákærðu eftir átök þeirra í milli. Ákærða kvaðst þá hafa séð talsvert af glerbrotum á gólfinu án þess að vilja fullyrða, að það hafi aðeins verið fyrrgreint glas. Ákærðu var kynntur framburður vitnisins Hauks Hallssonar, þar sem vitnið lýsir því, hvernig ákærða fór með uppreidda hönd að Guðrúnu og sló hana í andlitið, en í hendinni hafi ákærða verið með glas. Ákærða taldi framburð þessa vitnis í flestum atriðum rangan. Kvað hún Guðrúnu hafa komið til sín, eftir að ákærða skvetti úr glasinu framan í hana, og hafi Guðrún þrifið í hári ákærðu og stimpingar hafist, er ákærða reyndi að losna frá Guðrúnu. Ákærða ítrekar, að hún muni ekki eftir að hafa slegið Guðrúnu með glasinu, en sér hafi dottið í hug, er Guðrún rak upp óp og úr henni blæddi, að hún hafi skorist á baughring, er ákærða bar. Ákærðu var einnig kynntur framburður vitnisins Árna Bergmann Sveinssonar, sem segist hafa séð konu koma aðvífandi að annarri og slegið hana í andlitið með glasi, sem hafi brotnað á andliti konunnar. Taldi ákærða þennan framburð ekki geta staðist. Þá var ákærðu kynntur framburður vitnisins Guðrúnar Guðmundsdóttur. Hafði hún ekkert við hann að athuga, en ítrekaði, að Guðrún hafi ráðist að sér að fyrra bragði, nokkru eftir að ákærða skvetti úr glasinu framan í hana.

Vitnið Guðrún Guðmundsdóttir, hin slasaða í máli þessu, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 23. nóvember 1983. Hún lýsir þar slagsmálum tengdaföður síns, Jóns Bergs Halldórssonar, og eiginmanns ákærðu, Guðmundar Konráðs Arnmundssonar, svo og afskiptum þeirra hjóna, vitnisins og Ólafs Þórs Jónssonar, sem síðan leiddu til slagsmála vitnisins og ákærðu eftir orðaskipti þeirra og það, að ákærða skvetti úr glasi framan í vitnið. Í skýrslunni segir síðan:

Vitnið kveðst hafa verið að nudda augu sín, er skyndilega og fyrirvara-laust hafi hún fengið þungt högg frá konunni og þá orðið þess áskynja, að úr auga hennar blæddi og hún sá ekkert frá sér. Kveðst hafa kallað upp sér til hjálpar og hún þá verið leidd afsíðis, þar sem hún beið komu sjúkrahífreiddar, er flutti hana á slysadeild Borgarspítalans.

Aðspurt kveðst vitnið hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis, en telur sig ekki hafa verið ölvada. Kveðst þó illa muna, hvað hafi gerst um það leyti, er dyraverðir skildu karlmennina að, og ekki átta sig á, hvort einhver tími hafi liðið frá afskiptum dyravarðanna og þar til hún var slegin af konunni.

Aðspurt kveðst vitnið ekki muna eftir neinum orðaskiptum milli sín og greindrar konu og telur, að ekki hafi liðið langur tími frá því að konan skvetti úr glasinu og þar til hún sló vitnið með því. Kveðst ekki hafa fundið glasið brotna á andliti sínu, heldur einungis fundið þungt högg.

Vitnið kveðst aðspurt ekki muna eftir að hafa hárréitt konu þessa, en vill þó ekki fortaka að það hafi getað átt sér stað. Vitnið kveðst aðspurt ekki telja, að áfengi sé um að kenna, hvað hún muni þetta illa, heldur sé um að kenna „losti“, sem hún hlaut strax eftir höggið.

Vitnið gaf á ný skýrslu 3. apríl 1984. Þar kemur fram, að vitninu var kynntur framburður ákærðu, Ernu Sigurjónsdóttur, dags. 03.04. 1984, og kveðst vitnið ekkert hafa við þann framburð að athuga. Vitnið ítrekar, að hún muni varla nokkuð frá þessum atburði, en kveðst vera fullviss um, að Erna veitti henni áverkann í átökum þeirra. Vitnið kveðst þó vilja taka fram, að hún telji nær útilokað annað en að glasið hafi verið þess valdandi, að hún hlaut áverkann.

Aðspurt kveðst vitnið ekki útiloka, að einhver tími hafi liðið frá því að Erna skvetti úr vínglasi framan í hana og þar til hún hlaut áverkann, en eins og fyrr greinir, geri hún sér litla grein fyrir atburðarrás.

Ákærða og vitnið Guðrún Guðmundsdóttir voru samprófaðar 3. apríl 1984 hjá RLR. Þá segist ákærða hafa komið að, er Guðrún var að kljást við eiginmann hennar, sem var í átökum við tengdafiður Guðrúnar. Ákærða kveðst hafa gengið að Guðrúnu og beðið hana að hætta, en Guðrún þá slegið ákærðu tvívegis. Ákærða kveðst þá hafa gripið til þess ráðs að skvetta úr glasi, sem hún var með, framan í Guðrúnu. Eftir það hafi myndast eitthvert hlé, er dyraverðir fjarlægðu karlmennina af vettvangi.

Ákærða kveðst hafa staðið eftir og verið að leita að eignmanni sínum, er Guðrún hafi komið að henni og gripið í hár hennar. Ákærða kveðst hafa reynt að losa sig og minnst þess að hafa verið með fyrrgreint glas í hendinni. Skyndilega hafi Guðrún rekið upp óp og úr andliti hennar hafi blætt talsvert. Ákærða kveðst ekki gera sér grein fyrir, hvort hún hafi slegið Guðrúnu með glasinu eða hvort Guðrún hafi rekist í glasið. Einnig komi til greina, að hún hafi hlotið áverkann af baughring, er ákærða bar.

Vitnið Guðrún kveðst ekki hafa neitt við frásögn ákærðu að athuga og ítrekað, að hún munu óljóst eftir atvikinu og varla í smáatriðum. Vitnið kveðst minnst þess, er ákærða skvetti framan í hana úr glasi og kveðst

minna, að hún hafi verið að nudda augu sín, er hún hafi orðið fyrir miklu höggi í andlitið og úr því byrjað að blæða. Vitnið kveðst aðspurð ekki gera sér grein fyrir, hvort einhver tími hafi liðið frá því að ákærða skvetti úr glasinu framan í hana og þar til hún hlaut áverkann. Vitnið kveðst hins vegar álíta, að annað komi ekki til greina en að hún hafi hlotið áverkann af glasi ákærðu.

Við birtingu ákæru fyrir dómi þann 27. september 1984 er eftirtalið bókað eftir ákærðu:

„Ákærða kveðst ekki sátt við atvikalýsingu í ákæru. Hún kveðst ekki hafa veitt stúlkunni þungt högg í andlitið með glasi. Hún telur sig hafa lýst þessu skilmerkilega í skýrslum sínum hjá rannsóknarlögreglu og vísar til þeirra. Aðspurð kveðst ákærða gera sér grein fyrir því að Guðrún hlaut sárið þegar þær voru í stimpingum. Hún hafi fyrst haldið að það hafi verið af hring, sem ákærða ber á hendi, en kveðst nú gera sér grein fyrir að það hafi verið af gleri. Hún kveðst fullviss um það, að hún hafi ekki slegið Guðrúnu í andlitið með glasi, en hitt sé rétt, að hún hafi verið með glas í hendinni, þegar Guðrún flaug á hana.

Ákærða tekur fram að hún var sjálf ódrukkinn. Guðrún hafi hins vegar verið nokkuð drukkinn og hafi Guðrún átt upptökin að átökum þeirra.“

Við frekari yfirheyrslu í dómi þann 22. nóvember sl. kemur þetta fram hjá ákærðu:

„Ákærðu er bent á að vitni beri að ákærða hafi slegið Guðrúnu Guðmundsdóttur í andlitið. Ákærða kveður þetta fráleitt rétt. Ákærða kveður þetta allt hafa skeð snögg. Ákærða man eftir að hafa verið með glasið í höndunum þegar átökin hófust en ekki hvernig það atvikaðist að glasið lenti í andliti Guðrúnar. Ákærða kveðst hins vegar viss um að hafa ekki slegið hana. Ákærða man að glasið var farið úr höndum hennar að átökum loknum. Aðspurð kveðst ákærða muna að glasið tæmdist þegar hún skvetti úr því framan í Guðrúnu.“

Fyrir dómi þann 22. nóvember sl. skýrir vitnið Guðrún Guðmundsdóttir svo frá: „Vitnið togaði í Guðmund og þá var togað í vitnið og reyndist það vera Erna sem sagði vitninu að vera ekki að skipta sér af þessu. Vitnið kveðst hafa svarað í sömu mynt og Erna þá skvett framan í vitnið úr glasi. Vitnið sveið við það í augun og ekki leið á löngu þar til vitnið fékk glasið á andlitið. Vitnið sá ekki hvernig það gerðist. Aðspurð kveðst vitnið ekki hafa fundið að það var glas heldur að það kom högg á augað.“

— — —

Vitnið Elínborg Einarsdóttir var stödd í samkomuhúsinu umrætt kvöld ásamt eiginmanni sínum, Karli Hallgrímssyni, og Hauki Hallssyni og hans konu. Í skýrslu vitnisins hjá RLR segir, að þau hafi verið stödd á 1. hæð

hússins og séð þar slagsmál. Hafi þá komið að stúlka, sem fór að skipta sér af slagsmálunum og virtist þekkja aðilja. Dyraverði hafi þá einnig borið að og slagsmálin leyst upp. Stúlkan stóð eftir og hafði vitnið ekki auga á henni, en skyndilega rak stúlkan upp óp og hélt þá um andlit sér, en úr andliti hennar blæddi talsvert. Hjá henni stóð þá önnur stúlka. Kona, sem komin var til aðstoðar stúlkunni, sagði við þessa stúlku: „Sérðu hvað þú hefur gert“. Stúlka sú svaraði þá: „Ég læt ekki berja mig“. Dreif síðan að fólk og sá vitnið ekki vel, hvern áverka stúlkan hafði fengið eða með hverjum hætti hann hafði orðið. Hins vegar sagði Haukur Hallsson vitninu síðar, að hann hefði séð stúlku berja hina með glasi. Vitnið sá ekki glerbrot á staðnum né önnur merki um slysið, enda var þar skuggsýnt og margt af fólki.

Vitnið Elínborg kom fyrir dóm 22. nóvember sl. og þar er bókað eftir henni:

„Vitnið kveðst ekki hafa séð átökin en hafa heyrt skell og þá snúið sér við og séð stúlkuna blóðuga. Vitnið lýsir skellinum eins og þegar harður hlutur slæst í mann.

Vitnið segir að stúlkan hafi staðið með hendurnar fyrir andlitinu og veinað þegar vitnið sá hana.“

Vitnið Haukur Hallsson gaf skýrslu hjá RLR þann 9. nóvember 1983. Þar kvaðst hann hafa orðið vitni að fólkskulegri árás. Hann hafi ekki vitað um tildrög árásar þessarar, sem lýst er þannig:

„Kveðst hafa veitt athygli konu, sem var á hraðferð framhjá honum og hafði hægri hönd á lofti, tilbúna til höggs og í hendinni hélt hún á glasi. Kona þessi hafi hálf rekist utan í hann og um leið og hún fór framhjá honum, hafi hún sagt: „Ég læt ekki berja mig tvisvar“. Þessu næst hafi hún slegið fram hendinni og hún hafnað í andliti konu, sem þarna var. Vitnið kveðst ekki hafa séð glögglega hvar höggið lenti í andliti konu þessarar og ekki hafa séð hvort greint glas brotnaði við höggið. Eftir þetta hafi árásarkonan snúið við og hálf hlaupið í burtu framhjá mætta.

Vitnið kveður þetta allt hafa gerst í mikilli skyndingu og hann ekki áttað sig á hvað gerst hafi, fyrr en konan, sem ráðist var á sneri að honum og hann sá blóð vætla úr andliti hennar. Þá kveðst hann ekki hafa veitt athygli neinum aðdraganda að árás þessari, einungis veitt því athygli, er árásarkonan gekk 4—6 metra að hinni konunni og reiddi upp höndina.

Vitnið kveðst ekkert hafa séð meira af árásarkonunni, sem hafi farið á brott strax eftir verknadinn. Kveðst ekki hafa kannað sár konunnar, sem fyrir árásinni varð, en það hafi hins vegar eiginkona hans gert. Kveður eiginkonu sína hins vegar ekki hafa verið í aðstöðu til að sjá árásina sjálfa.“

Vitnið kvaðst ekki í neinum vafa um það, að árásarkonan sló hina með

glas í hendi og við það hafi sú kona hlotið áverka, sem úr blæddi. Þá kvaðst vitnið telja, að árárskonan hafi slegið af ásettu ráði. Ekki komi til greina, að um óviljaverk hafi verið að ræða.

Vitnið Haukur Hallsson kom síðan fyrir dóm þann 22. nóvember sl., er þá bókað eftir honum:

„Vitnið skýrir svo frá að þau hjónin hafi verið nýkomin ásamt kunningjafólki upp tröppurnar upp á fyrsta pall í Þórskaffi, þegar vitnið varð vart við að kona fór hratt framhá vitninu. Konan var með höndina á lofti og glas í hendinni. Um leið og konan fór framhá vitninu lagði hún með hendinni með glasinu beint áfram í lárétta stefnu til annarrar konu. Um leið bar fólk á milli svo vitnið sá ekki þegar höggið lenti á konunni. Vitnið sá síðan hvar konan hnykkist aftur á bak. Vitninu fannst það heyra einhvern smell eða hljóð af högginu. Vitnið man að konan sagði um leið og hún fór framhá: „Ég læt ekki slá (eða berja) mig tvisvar.“

Aðspurt kveðst vitnið einungis hafa drukkið eitt glas af áfengisblöndu áður en vitnið fór í Þórskaffi. Vitnið kveðst ekki hafa fundið til neinna áfengisáhrifa.“

Vitnið Sigurður Hrafn Tryggvason, yfirdyravörður í Þórskaffi, gaf skýrslu hjá RLR þann 21. nóvember 1983. Þar segir:

— — —

Í skýrslu vitnisins fyrir dómi 17. desember sl. segir, að vitnið hafi ekki séð sjálfan atburðinn, heldur var kallað til hans, eftir að atburðurinn átti sér stað. Hann kom þarna að stúlkunni alblóðugri. Vitnið segist kannast lítilsháttar við mann konunnar, sem átti að hafa veitt stúlkunni áverkann. Vitnið fór með stúlkuna niður og hjálpaði henni.

Aðspurt kveðst vitnið ekki muna eftir glerbrotum á gólfinu og hafi vitninu ekki verið ljóst, með hvaða hætti áverkinn hafi hlotist. Vitnið segir, að gólfin þarna í salnum séu teppaklædd.

Vitnið Ólafur Þór Jónsson, eiginmaður Guðrúnar Guðmundsdóttur, gaf skýrslu hjá RLR þann 23. nóvember 1983 og síðan fyrir dómi 22. nóvember sl. Hann hafði ekki orðið var við nein átök hjá konunum og gat því ekkert um slysið borið né aðdraganda þess annað en slagsmál þeirra manna. Verður framburður hans ekki rakinn hér.

Vitnið Árni Bergmann Sveinsson gaf skýrslu hjá RLR 20. mars 1984.

— — —

Vitnið Árni Bergmann Sveinsson, kom síðan fyrir dóm 19. desember sl. Þar er bókað eftir vitninu: „Hann hafi verið staddur í Þórskaffi umrætt sinn og var í nánd við stigann á fyrstu hæð. Vitnið segir að þar hafi tveir menn verið að slást eða í einhverjum stimpingum. Tvær konur voru þar

hjá sem vitnið taldi vera eiginkonur mannanna. Þær fóru saman, tókust á og virtust báðar grimmar og endaði það með því að önnur þeirra sem hélt á glasi sló hina með því, við þetta brotnaði glasið og blæddi mikið úr andliti konunnar. Vitnið segir að þetta hafi allt skeð á skömmum tíma. Vitnið kveðst hafa farið með konuna á bak við þar sem starfsfólkið tók við henni.

Vitnið kveðst hafa verið ódrukkinn og í góðri aðstöðu til að fylgjast með átökum kvennanna.

Vitnið man eftir því, þegar konan með glasið kom að hinni, þá viðhafði hún einhver orð á þá leið, að hún skyldi ekki berja mann hennar. Vitnið stóð nærri og heyrði greinilega orð konunnar. Upphófust síðan slagsmál þeirra sem enduðu sem fyrr segir.

Vitnið kveðst hafa yfirgefið stúlkuna eftir að starfsfólkið tók við henni og þá farið út í salinn. Vitnið kveðst ekki hafa skipt sér meira af þessu og ekki hafa orðið var við þegar lögreglan kom.“

— — —

Þann 17. desember sl. kom fyrir dóminn vitnið Karl Sigurjón Hallgrímsson, eiginmaður vitnisins Elínborgar Einarsdóttur, en þau hjón voru á vettvangi og í aðstöðu til að fylgjast með atburði. Þetta vitni sá þó ekki sjálfan atburðinn, en varð ljóst, að stúlkan hafði slasast mikið á andliti. Vitnið heyrði þá orðaskipti og fullyrðir vitnið, að ekkert annað hafi verið að gerast á þessum stað í húsinu á þessum sama tíma, en vitnið lýsir því einnig, hvar í húsinu atburðurinn átti sér stað, og vitnið hafði einnig séð slagsmál tveggja karlmannna þar rétt áður.

Í sama réttarhaldi kom fyrir dóminn sem vitni Elín Ragnarsdóttir, eiginkona vitnisins Hauks Hallssonar. Í skýrslu þess segir:

„Vitnið gekk aðeins á undan manni sínum. Vitnið segir að fólk hafi verið þarna í hóp og þar átt sér stað eitthvert rífrildi. Vitnið segist hafa snúið sér við og gengið til fólksins. Vitninu var það ljóst að stúlkan var slösuð í andliti og blæddi úr. Stúlkan var með hendurnar fyrir andlitinu. Vitnið reyndi að taka hendurnar frá til að átta sig betur á áverkanum, en stúlkan hélt þeim fast og veinaði af sársauka. Vitnið kveðst hafa sagt við manninn sem hélt utan um stúlkuna, að hann skyldi fara með hana fram því hún væri slösuð. Vitnið kveðst ekki hafa haft nokkra hugmynd um það þarna á staðnum með hvaða hætti stúlkan hafði slasast.“

Fleiri vitni hafa ekki gefið skýrslur í máli þessu, en nú verður getið læknisvottorða og þau rakin. Í vottorði Ingimundar Gíslasonar, augnlæknis á Landakotsspítala, dagsettu 5. desember 1983, segir orðrét:

„Ofangreind var lögð inn á Landakotsspítala í skyndi kl. 2:20 aðfaranótt 23.10.'83. Sagðist hafa verið í Þórscafé um kvöldið með fólki. Varð þar

fyrir líkamsárás er kona sló hana með vínglasi í vi. augað. Blindaðist algjörlega á auganu. Fór síðan í fylgd eiginmanns og tengdaföður upp á slysadeild Bsp. Þangað kom augnlæknir á vakt, og greindi hann stórt gat á vi. auga. Einnig voru sár á báðum augnlokum. Strax eftir komu hingað var gerð aðgerð á augnlokum og þau saumuð saman í staðdeyfingu. Svæfingarlæknir taldi mjög óráðlegt að svæfa sjúkl. strax, þar sem hún hafði nýlega neytt áfengis og var því ákveðið að bíða með aðalaðgerð þar til morguninn eftir, og var hún framkvæmd í svæfingu snemma morguns 23.10.'83. Í aðgerðinni kom í ljós að framhólf vi. augans var fullt af blóði og engin innsýn í augað. Það var 16 mm langt sár á hvítu, sem náði langt aftur. Innihald augans gapti fram í sárið, en það hvergi það mikið að það vætlaði út. Sárið í hvítunni var saumað saman. Sjúkl. lá svo hér inni til 30.10.'83. Fékk stóra skammta af sýklalyfjum til að hindra sýkingu í auganu, og einnig aðra meðferð til að bæta liðan.

Eftir svo mikinn áverka á auga er mikil hættu á að sjúkl. fái sjónhimnulós og blindu, ef ekkert er að gert. Þess vegna var ákveðið að senda Guðrúnu til Svíþjóðar á Region sjúkrahúsið í Örebro til frekari aðgerða. Var hún lögð þar inn þ. 1.11.'83 og var þar í meðferð og efirliti til 16.11.'83. Rannsóknir með sonartækjum sýndu sjónhimnulós í auganu og einnig var augað fullt af blóði. Ákveðið var að gera lokaða aðgerð inn í auganu (vitrectomy), og var allt blóð hreinsað út. Einnig var gerð aðgerð til þess að reyna að lækna sjónhinnulosið. Sú aðgerð var gerð í svæfingu 8.11.'83.

Guðrún kom svo til undirritaðs í skoðun 1.12.'83. Hún hafði fulla sjón á hæ. auga, á vi. auga sá hún aðeins mun á ljósi og myrkri. Þrýstingur í vi. auga var þá mjög lágur. Hæ. auga var eðlilegt. Það var ör eftir skurði á báðum augnlokum á vi. auga. Öll sjónhimnan í vi. auga var laus, hún var orðin talsvert stíf og losið mjög hátt. Sjúkl. heldur áfram með augndropa og er ennþá í veikindafrii, a.m.k. þangað til hún kemur í skoðun til undirritaðs aftur eftir hálfan mánuð.

Áverkinn, sem Guðrún fékk á vi. auga, verður að teljast verulegur og mjög alvarlegur. Við síðustu skoðun var algjört los á sjónhimnu og augað svo til blint. Það eru litlar horfur á að hægt verði að gera við sjónhinnulosið úr því sem komið er, og mun Guðrún þá ekki fá sjón aftur á augað. Hvort Guðrún getur haldið auganu (og þá án sjónar) er ekki hægt að segja til um á þessu stigi málsins.“

Í örorkumati Ólafs Jónssonar lækni, dagsettu 7. febrúar 1984, er fyrst rakin óhappa- og sjúkrasaga Guðrúnar Guðmundsdóttur og þá byggt á fyrrnefndu vottorði Ingimundar Gíslasonar augnlækni. Síðan segir í **örorkumatinu:**

— — —

Það er augljóst, að sá skaði er á auganu hefur orðið, verður ekki bættur og því um verulega örorku að ræða er telst hæfilega metin 25% varanleg.“

Ingimundur Gíslason augnlæknir vottar á ný 22. febrúar 1984:

Að lokum liggur frammi í málinu vottorð Ingimundar Gíslasonar augnlæknis, dagsett 24. október sl. Þar segir orðrétt:

„Ég leyfi mér að vísa í vottorð frá 5.12.1983 og 22.2.1984 varðandi sjúkrasögu og meðferð fram að 22.2.1984.

Guðrún hefur verið í eftirliti hjá mér síðan og kom til mín á stofu 20. júní 1984 og 23.10.1984. Fékk gerviauga úr plasti (plastskál sem sett er yfir vi.auga) í september s.l. Vegna verkja og tárarennslis hafa verið vissir erfiðleikar við að nota gerviaugað, hefur lengst getað notað gerviaugað 2—3 tíma í einu.

Við skoðun þ. 23.10.1984 var sjón á hæ. auga 6/4 án glerja, á vi. auga: greinir mun á ljósi og myrkri. Þrýstingur á vi. auga 2 mm. Hæ. auga eðlilegt við skoðun, engin merki um innri bólgu. Vi. auga byrjað að falla saman, roði og bólga í slímhimnu, hornhimna eðlileg á yfirborðið en ennþá talsverð innri bólga. Sjónhimna öll hefur losnað fram á við og ummyndast í þéttan bandvef. Ljósop óreglulega lagað, augasteinn horfinn. Hvað varðar mat á ástandi sjúkl. nú, er rétt að leggja áherslu á eftirtalin atriði:

1. Guðrún hefur ennþá verki í vi.auga og tárarennslí.
2. Það er ennþá bólga í vi. auga.
3. Vi.auga virðist halda áfram að falla saman og mun því þurfa að smíða nýtt gerviauga í nánustu framtíð.
4. Það er ekki ennþá útséð hvort Guðrún heldur vi.auga, þ.e.a.s. ef verkir og óþægindi halda áfram, getur komið að því að fjarlægja þurfi vi. augað með aðgerð.
5. Það er ennþá viss áhætta á að bólgan í vi. auga setjist yfir í hæ.auga (sympathísk ophtalmi).
6. Það eru engar horfur á því að Guðrún fái nokkurn tíman nothæfa sjón á vi. auga.“

Í máli þessu liggur fyrir bréf frá lögmanni Guðrúnar Guðmundsdóttur til RLR, þar sem fram kemur, að skaðabótakrafa verði ekki lögð fram í opinberu máli á hendur ákærðu, heldur verði höfðað einkamál til innheimtu þeirra, ef með þurfi.

### *Niðurstöður*

Hér að framan hefur verið reynt að lýsa málavöxtum af gögnum þeim,

er liggja frammi í málinu. Af þessum gögnum má ráða, að ákærða og Guðrún Guðmundsdóttir hafi leiðst inn í slagsmál karlmanna. Með þeim upphefst orðasenna, sem síðar leiðir til handalögmáls, sem að lokum leiðir til þess, að ákærða veldur Guðrúnu skaða á vinstra auga, svo miklum, að augað er nánast ónýtt og nothæf sjón á því horfin að fullu og öllu. Af framburði vitna verður ráðið að ákærða ber Guðrúnu í andlitið með hendi, sem hún heldur á glasi í, þannig að glasið brotnar á andliti Guðrúnar, og hún hlýtur við það sár í grennd við augað, og höggið leiðir til þess, að augað verður ónýtt. Ákærða hefur best lýst þessu sjálf í fyrsta framburði sínum hjá lögreglu, þar sem segir: „Hún sló mig m.a. í andlitið nokkrum sinnum og skvetti ég þá úr glasi mínu framan í hana til að stöðva barsmiðarnar. Komu þá að dyraverðir og stöðvuðu áflogin. Síðan réðst konan að mér aftur, reif í hár mitt og sló mig í andlitið og sló ég hana til baka. Síðan hafi áflogin hætt og konan þá verið blóðug. Ég hef að líkindum skorið konuna í andlitið með glasi er ég hafði í hendi eða með hring er ég hef á fingri en það var ekki viljaverk.“ Ákærða hefur allar götur síðan gengið út frá því, að áverki Guðrúnar hafi komið í handalögmálum þeirra, þótt síðari frásagnir hennar af atburðum séu dálítið frábrugðnar þeirri fyrstu.

Lýsingin á verknaði ákærðu er því rétt í ákæru og verknaður réttilega færður undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981. Við mat á refsingu verður jafnframt höfð hliðsjón af 3. mgr. 218. gr. a. sömu laga, þar sem telja verður, að líkamsárásin hafi verið unnin í áflogum þeirra ákærðu og Guðrúnar. Hins vegar virðist erfitt að ákveða það, hvor þeirra hafi átt upptökin að átökum þeirra.

Ákærða hefur ekki sætt refsingum fyrr. Einnig með hliðsjón af því þykir refsing hennar hæfileg 6 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu 4 mánaða af refsingunni og sá hluti falla niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22, 1955.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða allan málskostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000,00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 10.000.00.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Erna Sigurjónsdóttir, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu 4 mánaða af refsingunni, sem fellur niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærða þann tíma almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í

ríkisjóð, kr. 10.000,00 og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 10.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. október 1985.

Nr. 118/1983. **Björn Harðarson**

(Sigurður Baldursson hrl.)

gegn

**Karólínu Gunnarsdóttur**

og gagnsök

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Skaðabótamál. Líkamsmeiðingar. Örorka. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson og prófessorarnir Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 8. s.m. Hann gerir þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en *til vara*, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda, eins og „málið væri ekki gjafsóknarmál í héraði né gjafvarnarmál fyrir Hæstarétti.“

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 6. október 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 9. september 1983. Hún krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 279.386,00 krónur með vöxtum, eins og þeir eru ákveðnir í dómsorði hins áfrýjaða dóms, svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál, en gagnáfrýjandi fékk gjafvörn í aðalsök og gjafsókn í gagnsök fyrir Hæstarétti með leyfi dómsmálaráðherra 9. september 1983.